

# HÚSÖNDIN

86.tbl. 2.árg.  
6.nóvember 2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 7- 13.NÓVEMBER

- 9.11 Jóhanna Njálisdóttir, Birkir Fanndal Haraldsson  
10.11 Birgir Valdimar Hauksson  
12.11 Þórhallur Kristjánsson  
13.11 Hjördís Sigríður Albertsdóttir, Dreki Lars Garðarsson



KIWANISKLÚBBURINN  
HERÐUBREIÐ  
MÝVATNSSVEIT

## Ljósakrossar

Eins og um síðustu jól mun Kiwanisklúbburinn Herðubreið setja upp ljósakrossa á leiði í Reykjahlíðarkirkjugarði. Ljósakrossarnir verða settir upp á sömu leiði og um síðustu jól.

Þeir aðilar sem **EKKI** vilja nýta sér þessa þjónustu áfram vinsamlega látið vita fyrir 23.nóv. í síma 897 4108.

Eigum nokkrum krossum óráðstafað,  
pantanir í þá þurfu að berast sem fyrst,  
helst fyrir 23.nóv. til Þorbergs í síma 897 4108.

Leiga fyrir krossinn er kr.3000.-  
Kveikt verður á krossunum fyrsta sunnudag í aðventu, 1.desember.

Kiwanisklúbburinn Herðubreið

ERTU 16- 21 ÁRA?  
VILTU HAFA ÁHRIF?



# UNGMENNARÁÐ SKÚTUSTAÐAHREPPS

Viltu gæta hagsmuna ungs fólks í  
sveitarfélaginu?

Viltu koma skoðunum og tillögum ungs fólks  
áfram í stjórnkerfi sveitarfélagsins?

Viltu þjálfast í lýðræðislegum vinnubrögðum og  
læra á stjórnkerfi sveitarfélagsins?

**SENDU PÓST Á STARFSMANN  
RÁÐSINS DITTA@HAC.IS EF ÞÚ VILT TAKA ÞÁTT Í  
ÁHUGAVERÐU STARFI Í SVEITARFÉLAGINU ÞÍNU.  
ATHUGIÐ AÐ FUNDIR UNGMENNARÁÐS ERU  
LAUNAÐIR. RÁÐIÐ FUNDAR FIMM SINNUM Á ÁRI  
OG Í BOÐI ER AÐ VERA Í FJARFUNDI EF ÞAÐ  
HENTAR BETUR.**

**HÆGT ER AÐ KYNNA SÉR NÁNAR STARFSEMI  
UNGMENNARÁÐSINS Á HEIMASÍÐU SKÚTUSTAÐAHREPPS  
(STJÓRNSÝSLA > REGLUGERÐIR > SAMÞYKKT  
UNGMENNARÁÐS)**



**[HTTP://WWW.SKUTUSTADAHREPPUR.IS/IMG/FILES/SVEITA  
RSTJORNARFUNDIR/UNGMENNARAD.PDF](http://www.skutustadahreppur.is/img/files/sveitarstjornarfundir/ungmennarad.pdf)**



Guðspjónusta verður í Skútustaðakirkju næstkomandi  
sunnudag 10.nóvember. klukkan 14:00

Gyrð þig mætti orðs og anda,  
efldu miskunn þinna handa.  
(Dávíð Stefánsson)

Verið velkominn til notarlegrar stundar.  
sr.Örnólfur



Keppnin um Snaga mánaðarins  
fer vel af stað og mjótt var á  
munum í október. Það fór svo  
að Birkir Fanndal vann og fékk  
farandbikarinn heim með sér.

Nóvember fer gríðarlega vel af  
stað og augljóst að  
keppnisskapið er mikið!

Kærar kveðjur frá starfsfólkinu í  
Jarðböðunum





## Umsókn um byggingarleyfi með rafrænum hætti

Frá og með 8.nóvember verður hægt að sækja um byggingarleyfi með rafrænum hætti í Skútustaðahreppi.

Umsækjendur þurfa að skrá sig inn á „Mínar síður“ á síðu Mannvirkjastofnunnar [www.minarsidur.mvs.is](http://www.minarsidur.mvs.is) með rafrænum skilríkjum eða íslykli.

Stefna sveitarfélagsins er að auka rafræna stjórnýslu og minnka pappírnotkun. Þetta skref er liður í þeirri vinnu.

Enn verður hægt að senda inn umsóknir á gamla máttann en stefnan er að fara alfarið í rafrænar umsóknir frá og með 1.janúar 2020.



Menningarfélagið Gjallandi kynnr:

**2019/2020**  
**NÓVEMBER**

14. nóvember  
Félagsvist II

Stigahæstu kona / karl og setuverðlaun

